



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Mannauðs- og starfsumhverfissvið

### *Umsögn*

Mannauðs og starfsumhverfissviði var falið að veita umsögn varðandi styrkumsókn borgarkórsins, kórs borgarstarfsmanna. Markmið borgarkórsins er að gefa starfsmönnum kost á að hittast fyrir utan vinnutíma og vinna saman að skemmtilegum verkefnum sem efla liðsanda og auka samheldni meðal starfsmanna frá öllum sviðum Reykjavíkurborgar.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið fagnar því að starfsfólk borgarinnar komi saman utan vinnutíma og iðki söng og telur að það skili sér í betri starfsánægju, geti dregið úr álagi, eflt samstöðu og létt lund kórfélaga. Mikilvægt er að vekja reglulega athygli starfsfólks Reykjavíkurborgar starfsemi kórsins og möguleikum starfsfólks á að æfa söng með samstarfsfólki sínu, það mætti til dæmis gera í gegnum Workplace með auglýsingu á starfi kórsins og reglulegum fréttum af því þegar kórinn kemur fram á viðburðum.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er jákvætt gagnvart styrkveitingu til borgarkórsins, kórs borgarstarfsmanna þar sem það gefur starfsfólki kost á að iðka kórsöng í hópi samstarfsfólks og getur haft jákvæð félagsleg og heilsufarsleg áhrif. Um leið leggur sviðið áherslu á að mikilvægi þess að upplýsa vel allt starfsfólk Reykjavíkurborgar um þennan möguleika til söngiðkunar.

Virðingarfyllst,  
Lóa Birna Birgisdóttir  
sviðsstjóri  
*Mannauðs- og starfsumhverfissvið*